



Umsagnir um tilnefnda til kjörs Íþróttamanns Akraness fyrir árið 2020

Badmintonmaður ársins Drífa Harðardóttir



Umsögn um Drífu:

Drífa er ein fremsta badmintonkona Íslands, hún hefur alla tíð spilað fyrir ÍA á Íslandi, þó svo að hún búi og æfi í Danmörku og hefur gert í nokkur ár.

Drífa leggur áherslu á tvíliða- og tvenndarleik og spilar þær greinar með liði sínu Hvidovre í liðakeppni í Danmörku.

Hún hefur orðið Íslandsmeistari tíu sinnum, fjórum sinnum í tvíliðaleik og sex sinnum í tvenndarleik. Drífa er sú kona sem oftast hefur orðið Íslandsmeistari í meistaraflokki undir merkjum ÍA. Hún er einnig eina konan sem hefur orðið Íslandsmeistari í meistaraflokki fyrir ÍA. Drífa kemur reglulega til Íslands og þá kemur hún alltaf á æfingar hjá ÍA og finnst keppnishópnum það afar skemmtilegt. Hún leiðbeinir og aðstoðar krakkana og veitir þeim harða keppni á æfingum. Hún er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka, bæði innan vallar sem utan.

Helstu afrek Drífu á Íslandi á árinu:

- Íslandsmeistari í tvenndarleik í meistaraflokki.
- 2. sæti í tvíliðaleik kvenna í meistaraflokki á Meistaramóti Íslands.




Helstu afrek Drífu í erlendis á árinu:

Drífa spilar í liðakeppni/deildarkeppni í Danmörku og þar hefur hún bæði verið með liði 1 og 2 (lið 2 er í 3. deild). Hún hefur einungis tapað 1 leik á árinu í deildarkeppninni.

Hvernig stendur Drífa á landsvísu?

Drífa er ein af bestu tvíliða- og tvenndarleiksspilurum á Íslandi.

Fimleikamaður ársins Guðrún Julianne Unnarsdóttir



Umsögn um Guðrúnu Julianne:

Guðrún er fædd árið 2004 og æfir hóp fimleika með meistaraflokki ÍA. Hún er fædd og uppalin á Akranesi og hefur æft hóp fimleika með ÍA frá barnsaldri. Guðrún er frábær fimleikakona og lykilmáður í liði meistaraflokks. Guðrún var í vor valin í stúlknalandslið Íslands fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum 2021. Hún er góð fyrirmynd fyrir yngri og eldri iðkendum félagsins og er vel að titlinum komin. Til hamingju Guðrún, félagið er stolt af því að eiga iðkendum í fremstu röð.

Helstu afrek Guðrúnar Julianne á Íslandi á árinu:

- Bikarmót í hóp fimleikum – lenti í þriðja sæti með liði meistaraflokks.
- GK deildarmeistaramót – lenti í þriðja sæti með liði meistaraflokks.
- Íslandsmótið var fellt niður vegna Covid.
- Valin í stúlknalandslið Íslands fyrir EM.

Hvernig stendur Guðrún Julianne sig á landsvísu?



- Guðrún er á fyrsta flokks aldri en keppir í efstu deild (A-deild) með meistaraflokki ÍA í hópfileikum.
- Í vor var hún einnig valin í stúlknalandslið Íslands í vali fyrir Evrópumótið í hópfileikum.

Hestaíþróttamaður ársins Jakob Svavar Sigurðsson



Umsögn um Jakob Svavar

Jakob Svavar er fæddur árið 1975 og æfir með Hestamannafélaginu Dreyra.

Jakob er einn af bestu íþróttaknöpum á landinu og hefur skipað sér í fremstu röð í íþróttinni í mörg ár og unnið marga Íslandsmeistararitla auk heimsmeistaratitils. Hann er agaður keppismaður, en þó ávallt þrúður og til fyrirmyndar. Hann hefur hlotið mörg verðlaun fyrir góða reiðmennsku og þrúðmennsku. Jakob sýnir hesta sína af öryggi og hefur fuðlaust og létt taumsamband við hrossin sem undirstrikar hæfileika hestsins. Jakob Svavar er fyrirmynd allra þeirra sem vilja ná árangri á vettvangi hestaíþróttar.

Helstu afrek Jakobs Svavars á Íslandi á árinu:

Sigurvegari í einstaklingskeppni meistaradeildarinnar í hestaíþróttum árið 2020 með eftirfarandi árangri:

- 1. sæti í fimmgangi.
- 1. sæti í fjórgangi.
- 5. sæti í töltili.
- 1. sæti í fjórgangi á íþróttamótili Sleipnis.
- 4. sæti í töltili T1 á íþróttamótili Sleipnis.
- 1. sæti í töltili T1 á opnu síðsumarsmótili Sleipnis.
- 1. sæti í fjórgangi á opnu síðsumarsmótili Sleipnis.
- 1. sæti í töltili T2 á opnu síðsumarsmótili Sleipnis.



- 2. sæti í fjórgangi á Reykjavíkurmeistaramótinu í hestaíþróttum.
- 3. sæti í tölti T2 á Reykjavíkurmeistaramótinu í hestaíþróttum.
- 4. sæti í tölti T1 á Reykjavíkurmeistaramótinu í hestaíþróttum.

Hvernig stendur Jakob Svavar sig á landsvísu?

Jakob Svavar er í landsliðshópi LH en hann skipa 19 afreksknappar í fremstu röð í hestaíþróttum héraðs og erlendis. Hann er í 12. sæti á heimslista (World Ranking) FEIF (alþjóðasamtök íslenska hestsins) í tölti. FEIF WorldRanking er byggður upp á þremur hæstu einkunnum eða tímum á hverju WR móti síðustu tveggja ára eða 730 daga. Niðurstöður eru gildar á þessu 730 daga tímabili og er tekið meðaltal hæstu þriggja einkunna.

Karategaumur ársins Krístrún Bára Guðjónsdóttir



Umsögn um Krístrúnu Báru:

Krístrún Bára leggur sig alla fram í þjálfun og á æfingum og er góð fyrirmynd fyrir yngri keppendum í karate.

Hún er í fremstu röð í karate og hefur náð góðum árangri á mótum fyrir hönd Karatefélags Akraness á síðustu árum og keppir núna í aldursflokki 16-17 ára. Krístrún keppir í kata sem er hennar keppnisgrein innan karate og þar er hún í sterkum hópi karatekvenna á Íslandi.

Hún keppti á RIG 2020 Reykjavík International Games í kata þar sem hún náði góðum árangri. Hún keppti einnig á Grand PRIX mótariðinni og á Íslandsmóti í flokki 16-17 ára sem og flokki fullorðinna í kata kvenna.

Krístrún Bára hefur æft karate frá 7 ára aldri og alltaf verið á verðlaunapalli fyrir Karatefélag Akraness.



Kristrún hefur einnig verið að æfa með Karatedeild Breiðabliks og æfir þar með meistaraflokki. Kristrún hefur verið valin í unglingslandslíðið og æfir núna með landsliðshópi Íslands í kata. Kristrún Bára hefur verið aðstoðarþjálfari hjá Karatefélagi Akraness í 2 ár og þjálfar þar með yfirþjálfara félagsins.

Helstu afrek Kristrúnar Báru á Íslandi á árinu:

- Þriðja sæti í kata í flokki 16-17 ára á Íslandsmótinu.
- Fimmta sæti í kata í flokki fullorðinna á Íslandsmótinu.
- Þriðja sæti í kata í flokki 16 - 17 ára á fyrsta Grand Prix mótinu.
- Þriðja sæti í kata í flokki Female Junior á Reykjavík International Games.

Hvernig stendur Kristrún Bára sig á landsvísu?

Kristrún Bára er meðal þriðju bestu kata keppenda í kvennaflokki í aldurshópnum 16-17 ára á Íslandi og meðal fimm bestu kata keppenda í kvennaflokki.

Kylfingur ársins Valdís Þóra Jónsdóttir



Umsögn um Valdís Þóru:

Valdís Þóru þarf ekki að kynna fyrir Skagamönnum. Íslandsmeistari í golfi, margfaldur klúbbmeistari Golfklúbbsins Leynis og einn fremsti kylfingur meðal kvenna til margra ára og atvinnumaður í golfi.

Valdís Þóra hefur allt frá unglingsaldri verið með skýr markmið sem hún hefur unnið markvisst að hvort sem er með æfingar í huga, Íslandsmeistararitla, þátttöku í landsliðsverkefnum og nú sem atvinnumaður í golfi. Valdís Þóra er góð fyrirmynd fyrir alla kylfinga og íþróttafólk og hefur ávallt verið til fyrirmyndar innan sem utan vallar.



Helstu afrek Valdísar á Íslandi á árinu:

- Vann meistaramót GL í kvennaflokki í sumar með miklum yfirburðum.
- Tók þátt í fyrstu þremur GSÍ mótum sumarsins, með ágætum árangri, t.a.m. 2. sæti á stigamóti á Garðavelli, en varð svo að draga sig í hlé vegna meiðsla.

Helstu afrek Valdísar erlendis á árinu:

Valdís Þóra spilaði erlendis fyrstu mánuðina á keppnistímabilinu 2020.

Hún tók þátt á LET mótaröðinni sem er sterkasta mótaröð kvenna í Evrópu. Árangurinn var heilt yfir ágætur og lenti hún til að mynda í 7. sæti á opna Suður-Afríkumótinu á LET túrnum. Valdís stefndi á þátttöku á Ólympíuleikunum 2020 en þeim var frestað til 2021. Mun hún gera allt sitt til að ná sæti á þeim leikum.

Hvernig stendur Valdís Þóra sig á landsvísu?

Valdís Þóra keppir sem atvinnumaður í golfíþróttinni og hefur um langt skeið verið einn besti kvenkyllingurinn sem Ísland á. Hún er margfaldur Íslandsmeistari í flokki unglunga og fullorðinna og er klúbbum sínum til sóma. Þá stefnir hún á Ólympíuleikana sumarið 2021.

Keilumaður ársins Sigurður Þorsteinn Guðmundsson



Umsögn um Sigurð Þorstein Guðmundsson

Sigurður Þorsteinn Guðmundsson er keilumaður ársins á Akranesi 2020.

Þetta skrítna ár hefur verið gott hjá Sigurði. Hann varð Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.



Hann hefur verið að gera góða hluti með liði sínu, er með hæsta leik, hæsta meðaltal og hæstu seríu í deildinni og er hann ásamt liði sínu í efsta sæti er deildinni var frestað vegna Covid.

Helstu afrek á Íslandi á árinu:

- Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Klifrari ársins Sylvía Þórðardóttir



Umsögn um Sylvíu Þórðardóttur:

Sylvía átti mjög gott klifurár 2020. Hún landaði silfurverðlaunum fyrir ÍA á Bikarmeistaramóti Íslands í grjótblímu og er sem stendur í þriðja sæti á Íslandsmeistaramótaröðinni, með góða möguleika á að hækka sig um sæti. Sylvía var valin í landsliðshóp Íslands fyrir Norðurlandamótið 2020 í Kaupmannahöfn og stefnir hún ótrauð á að halda því sæti fyrir næsta ár.

Sylvía hefur einbeitt sér að útiklifri á þessu ári og þar hefur hún náð frábærum árangri. Hún klifraði sína fyrstu leið af gráðunni 6c+ á Hnappavöllum og hefur í ár klifrað fimmtán leiðir af gráðunni 6a til 6c+.

Sylvía er samviskusöm, æfir af kappi og áhuga, og er klifrari fram í fingurgóma. Hún er vel að titlinum Klifrari ársins 2020 hjá ÍA komin.

Helstu afrek Sylvíu á Íslandi á árinu:

- Silfurverðlaun á Bikarmeistaramóti Íslands 2020 í grjótblímu.
- Er sem stendur í þriðja sæti á Íslandsmeistaramótinu í grjótblímu unglingsaflokki.

Hvernig stendur Sylvía sig á landsvísu?



Sylvía er framarlega í sínum aldursflokki í klifri. Hún var í landsliðshópi Íslands fyrir Norðurlandamótið í grjótgímu, en mótið féll því miður niður vegna núverandi ástands. Sylvía hefur náð á verðlaunapall á öllum mótum sem hún hefur tekið þátt í á þessu ári, með silfurverðlaun á Bikarmeistaramóti Íslands sem besta árangur.

Knattspyrnumaður Kára Dino Hodzic



Umsögn um Dino Hodzic:

Dino Hodzic gekk í raðir Kára vorið 2020, en árið á undan var hann varamarkvörður hjá ÍA. Dino spilaði alla leiki Kára í deild og bikar og sýndi með frábærri frammistöðu að hann er einn allra besta markvörður deildarinnar. Dino tryggði Kára mörg mikilvæg stig í sumar og vakti mikla eftirtekt á fréttamiðlum landsins þegar hann náði að verja 4 vítaspjrnur í röð. Dino er frábær karakter og hefur heillað bæði unga og aldna hér á Akranesi, bæði með frammistöðu sinni og ekki síður með jákvæðri og skemmtilegri framkomu. Dino er mikill keppismaður og leggur sig 100% fram í alla leiki og æfingar.

Helstu afrek á Íslandi á árinu:

- Spilaði alla leiki á árinu 2020.
- Varði fjórar vítaspjrnur í röð.



- Valinn leikmaður fimmtu umferðar í 2. deild eftir að hafa varið 2 vítaspyrnur í 1-0 sigri.
- Valinn einn af 18 í lið ársins í 2. deild.

Knattspyrnukona ársins Fríða Halldórsdóttir



Umsögn um Fríðu:

Fríða er fædd árið 2000 og hefur verið einn af burðarásum liðsins undanfarin ár þrátt fyrir ungan aldur. Þó ung sé hefur hún leikið 84 leiki með meistaraflokki og skorað í þeim 10 mörk.

Hún er mikil keppnismanneskja sem hefur mikinn metnað og smitar út í leikmannahópinn. Fríða er mjög sterk í sinni stöðu og mun verða lykilleikmaður á næstu árum hjá félaginu.

Helstu afrek Fríðu á Íslandi á árinu:

- Lykilleikmaður og spilaði 17 leiki í Lengjudeildinni.
- Lék þrjá leiki í Mjólkurbikarkeppninni.



- Skoraði 6 mörk.
- Var lykilleikmaður í mjög svo ungu liði Skagamanna og hennar styrkur hafði mikið að segja í baráttu liðsins um að halda sæti sínu í deildinni í lokin.

Knattspyrnumaður ársins Tryggvi Hrafn Haraldsson



Umsögn um Tryggva Hrafn:

Tryggvi Hrafn er fæddur árið 1996 og hefur verið einn af burðarásunum ÍA-liðsins undanfarin ár. Tryggvi Hrafn átti frábært tímabil með meistaraflokki ÍA 2020 og skoraði 12 mörk í 17 leikjum. Í október fór Tryggvi til Lilleström í Noregi og hjálpaði liðinu að tryggja því sæti í efstu deild í norska fótboltanum. Einnig lék Tryggvi einn leik með A-landsliðinu á þessu ári. Tryggvi er mikill keppismaður sem smitar út frá sér til annarra leikmanna bæði utan vallar sem innan.

Helstu afrek Tryggva Hrafns á Íslandi á árinu:

- Einn besti leikmaður Skagamanna í sumar.
- Spilaði 17 leiki í Pepsi-Max deildinni.
- Spilaði tvo leiki í Mjólkurbikarkeppninni.
- Skoraði 12 mörk.



Helstu afrek Tryggva Hrafn erlendis á árinu:

- Tryggvi Hrafn gekk til liðs við Lilleström sem var í næst efstu deild í Noregi í október.
- Spilaði 10 leiki.
- Skoraði 4 mörk.
- Aðstoðaði við að tryggja Lilleström sæti í efstu deild á næsta tímabili

Hvernig stendur Tryggvi Hrafn sig á landsvísu?

Tryggvi Hrafn hefur leikið alls fjóra A-landsleiki og hefur skorað í þeim 1 mark. Hefur spilað 13 leiki fyrir U-21 landsliðið og skorað í þeim 1 mark.

Kraftlyftingamaður ársins Kristín Þórhallsdóttir



Umsögn um Kristínu Þórhallsdóttur:

Kristín hefur á árinu stimplað sig vel og vandlega inn á styrkleikalista Íslands í klassískum kraftlyftingum, hún setti 17 ný Íslandsmet og eftir árið standa 7 af þeim ennþá. Árið var erfitt fyrir alla en hún náði þó að halda dampi í æfingum allt árið og uppskar hún eins og hún sáði og bætti sig um 72,5 kg í samanlögðu. Á árinu náði hún því magnaða afreki að verða fyrst íslenskra kvenna til að taka yfir 500 kg í samanlögðu og meira að segja gerði hún enn betur og tók 510 kg. Kristín er stigahæsta klassíska kraftlyftingakona Íslands frá upphafi! Árangur hennar er á algjörum heimsmælikvarða. Kristín er frábær fyrirmynd fyrir unga og aldna. Hún er vel að þessari tilnefningu komin.



Helstu afrek Kristínar á Íslandi á árinu:

- Setti 17 Íslandsmet á árinu, 7 þeirra standa í dag.
- Á öll Íslandsmetin í -84 kg flokki kvenna í klassískum kraftlyftingum.
- Varð Íslandsmeistari í -84 kg flokki annað árið í röð í klassíkum kraftlyftingum.
- Varð Íslandsmeistari yfir allt á stigum á Íslandsmóti í klassíkum lyftingum.
- Náði hæsta samanlagða árangri bæði í kílóum og stigum sem íslensk kona hefur náð í klassíkum kraftlyftingum.
- Fyrst kvenna á Íslandi að taka 200 kg í klassískri hnébeygju.
- Á þyngstu hnébeygju sem íslensk kona hefur tekið í klassískri hnébeygju.

Helstu afrek Kristínar erlendis á árinu:

- Efst á styrkleikalista Evrópu í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki kvenna.

Hvernig stendur Kristín sig á landsvísu?

Kristín er stigahæst allra kvenna og karla á Íslandi í klassískum kraftlyftingum óháð aldri og þyngdarflokki.

Körfuknattleiksmaður ársins Aron Elvar Dagsson



Umsögn um Aron Elvar Dagsson:

Körfuknattleiksmaður ársins hjá ÍA er Aron Elvar Dagsson. Aron er fæddur árið 2004, hann er mjög efnilegur leikmaður sem hefur jafnt og þétt verið að láta meira að sér kveða í meistaraflokksliði ÍA. Hann fór fyrir 10. flokks liði ÍA sem náði mjög eftirtektarverðum árangri á síðustu leiktíð, liðið vann sig inn í úrslitakeppni sem því miður var blásin af vegna Covid 19. Aron



Elvar var valinn í landslið Íslands í U15 og er núna í æfingahópi fyrir U18. Aron Elvar er metnaðarfullur leikmaður sem leggur mikið á sig til að ná lengra og er hann vel að því kominn að vera körfuknattleiksmaður ársins 2020 hjá ÍA.

Helstu afrek Aron Elvars á Íslandi á árinu:

- Leikmaður í meistaraflokki ÍA í 2. deild.
- Lykilmaður í 10. flokki ÍA (10. bekkur) sem var eitt af topp 8 liðum í sínum aldursflokki og var komið í úrslitakeppni áður en mótið var blásið af vegna Covid 19.

Helstu afrek Arons Elvars erlendis á árinu:

- Var leikmaður í U15 ára landsliði Íslands sem keppti á Norðurlandamóti í Danmörku. (Önnur landsliðsverkefni voru blásin af vegna Covid 19).
- Aron er núna í æfingahópi U18 fyrir komandi landsliðsverkefni sumarið 2021.

Hvernig stendur Aron Elvar sig á landsvísu?

Aron Elvar er klárlega í topp 10 í sínum aldursflokki og einn af fáum leikmönnum fæddum 2004 sem er í 25 manna æfingahópi U18 ára landsliðsins (árgangar 2003 og 2004).

Sundmaður ársins Brynhildur Traustadóttir



Umsögn um Brynhildi:

Brynhildur Traustadóttir hélt áfram að bæta sig árið 2020. Brynhildur er fastamaður í landsliði Íslands í sundi. Brynhildur byrjaði árið vel þar sem hún fór með landsliðinu í æfingaferð til Tenerife og vann til bronsverðlauna í 400m skriðsundi á sterku móti í Lettlandi. Sundtímabilið árið 2020 var með breyttu sniði, æfinga- og keppnisbönn settu strik í reikninginn, fresta þurfti Íslandsmeistaramótinu fram á sumar og hætt var við mörg alþjóðleg mót.

Á Íslandsmeistaramótinu í 50m laug í sumar vann Brynhildur til fimm verðlauna, þrjú silfur og tvö brons eftir harða keppni allan tímann.



Í haust skrifaði Brynhildur undir samning um skólalstyrk í háskóla í USA sem er með mjög sterkt sundlið og hefur Brynhildur stundað nám og æfingar vestanhafs við góðan orðstír í haust.

Helstu afrek Brynhildar á Íslandi á árinu:

- 3 silfurverðlaun í 200m, 400m og 1500m skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu í 50m laug.
- 2 bronsverðlaun í 800m skriðsundi og 4x100m boðsundi á Íslandsmeistaramótinu í 50m laug.
- Akranesmet í 1500m skriðsundi og í 4x50m blandað skriðsund - boðsund í 50m laug í fullorðinsflokki.
- Sundmaður Akraness 2020 með flest FINA stig.
- Sundskólalstyrkur í USA í sterkum háskóla.
- Í landsliði Íslands í sundi.

Helstu afrek Brynhildar erlendis á árinu:

- Bronsverðlaun í 400m skriðsundi á Opna meistaramótinu í Riga í Lettlandi

Hvernig stendur Brynhildur sig á landsvísu?

Brynhildur er einn af bestu sundmönnum á Íslandi í 200, 400, 800 og 1500m skriðsundi og hefur verið það undanfarin ár.